



STJÓRN SSH 430. fundur

Mánudaginn 20. júní 2016, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ármann Kr. Ólafsson, og Bjarni Torfi Alfþórsson.

Forföll: Gunnar Einarsson, Guðný Ívarsdóttir og Ásgerður Halldórsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

1. **Rekstrarúttekt byggðasamlaganna** /1501004

Birgir Björn Sigurjónsson, formaður stýrihóps rekstrarúttektar byggðasamlaganna, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Rætt var um stöðu verkefnisins, vinnu verkefnahópa og tímaáætlun um verklok, sbr. fundargerð eigendavettvangs og stýrihópsins 12. apríl 2016.

2. **Framtíð almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu** /1510007

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

- a) Borgarlínan og hraðlest milli Keflavíkur og höfuðborgarinnar – næstu skref.
Umræður í framhaldi af málþingi 27. maí 2016.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að undirbúa ráðningu á verkefnisstjóra til að vinna málið áfram í samræmi við upplegg sem kynnt var á málþinginu.

- b) Samningur SSH og Vegagerðarinnar – tímaáætlun og fjármögnun sbr. 429. stjórnarfund frá 2. maí sl.
HÁP fór yfir tillögu að kostnaðaráætlun, skiptingu kostnaðar milli samningsaðila og tillögu að fjármögnun á hlut SSH/sveitarfélaganna.

Ekki liggur fyrir endanleg afstaða Vegagerðarinnar til kostnaðarskiptingarinnar.

Niðurstaða:

Málið verður skoðað frekar þegar afstaða Vegagerðarinnar liggur fyrir.

3. **Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2019** /1501010

Eftirfarandi var til umfjöllunar undir þessum dagskrárlið:

- a) Verkefnatillaga vegna áhersluverkefna 2016.
Fyrirliggjandi tillaga samþykkt og framkvæmdastjóra falið að senda hana til umfjöllunar og afgreiðslu hjá Stýrihópi sóknaráætlana.
- b) Skipun sérstaks samráðsvettvangs sóknaráætlunar sbr. ákvæði 4. greinar í samningi frá 10. febrúar 2015.
Formanni og framkvæmdastjóra falið að setja fram endanlega tillögu að skipun samráðsvettvangsins, með vísun í tillögu sbr. a) lið hér að framan, og að undirbúa fyrsta fund samráðs-vettvangsins í september nk.



4. Málafni Strætó bs.

Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Umfjöllun og afgreiðslur vegna þessa máls eru færðar í sérstaka fundargerð eigendavettvangs Strætó bs.

Öðrum dagskrárliðum þessa fundar var frestað og ákveðið að boða annan stjórnarfund mánudaginn 27. júní nk.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55